

Miðvikudaginn 24. maí 1989.

Nr. 404/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Sólrúnu Elidóttur

(Brandur Brynjólfsson hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var með stefnu 2. desember 1988 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsipýngingar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans. Í ákæru hefur láðst að geta ártals, en dæma má ákærðu áfall eigi að síður samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Gegn neitun ákærðu verður að telja það ósannað, að hún hafi ætlað að svipta Karl lífi, og varhugavert þykir að álykta, að ákærða hafi hlotið að sjá það fyrir, að bani gæti hlotist af atlögu hennar. Hefur ákærða því gerst brotleg við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Ákærða sætti gæsluvarðhaldi frá 2. maí 1988 til 1. júní s.á. og síðan óslitið frá 30. ágúst 1988, og ber að draga þá vist frá refsingu hennar samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærða verður dæmd til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, en gæsluvarðhaldsvist ákærðu, Sólrúnar Elidóttur, frá 2. maí 1988 til 1. júní s.á. og síðan óslitið frá 30. ágúst 1988 á að koma refsivist til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óhaggað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brands Brynjólfssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 15. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 601/1988: Ákæruvaldið gegn Sólrúnu Elíðóttur, sem tekið var til dóms 25. október sl.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 19. ágúst 1988, gegn ákærðu, Sólrúnu Elíðóttur, til lögheimilis að Sólheimum 41, Reykjavík, fæddri í Reykjavík 4. maí 1956, „fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir stórfellda líkamsárás, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 29. apríl eða aðfaranótt næsta dags stungið Karl Valgarðsson, Hagamel 14, Reykjavík, hnífstungu í kvið í kjallaraíbúð Karls að Hagamel 14, og gekk hnífurinn alldjúpt í kvið rétt ofan við hægri nára og í görn.

Var Karl fluttur á Borgarspítalann um kl. 9 að morgni sunnudagsins 1. maí með lungnabólgu og alvarlega sýkingu í kviðarholi. Þar var hann settur í öndunarvél og stóð mjög tæpt um líf hans um tíma. Hann hresstist þó smám saman og var útskrifaður af skurðlækningadeild 20. sama mánaðar.

Telst þetta aðallega varða við 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 8.31 að morgni sunnudagsins 1. maí sl. var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt að maður hefði verið stunginn með hnífi í kjallaraíbúð að Hagamel 14 hér í borg. Lögreglumenn og sjúkralið komu samtímis á vettvang.

Í frumskýrslu Bjarna Ólafs Magnússonar lögreglumanns segir m.a. að tilkynnandi, Páll Elíson, hafi vísað þeim á hinn slasaða, Karl Valgarðsson, sem lá rænulítill á hægri hlið ofan á svefnpoka í einu horni svefnherbergisins. Hann hafi verið með stungusár á kvið og skrámur á andliti og kvið. Hafi hann enga skýringu getað gefið á áverkanum.

Í skýrslunni er haft eftir Páli Elísyni að hann hafi komið í íbúðina þá skömmu áður. Hann hafi séð Karl liggjandi á gólfi herbergisins, ýtt við honum og Karl þá kveinkað sér. Hann hafi því velt honum á hliðina, séð stungusárið og kallað þegar eftir aðstoð lögreglu. Auk Páls voru í íbúðinni

ákærða, Sólrún Elíðóttir, systir Páls, Valdimar Svavarsson, eiginmaður ákærðu, Helgi Kárasón, og sex aðrir. Voru allir meira eða minna ölvaðir að undanskildum Páli og stúlku sem með honum var.

Ákærða var mjög ölvuð og æst, og var hún handjárnuð og handtekin ásamt öðrum þeim, sem þarna voru, og færð á lögreglustöðina í Reykjavík. Ofangreindir sexmenningar, sem voru gestkomandi í íbúðinni, voru vistaðir um stundarsakir, en látnir lausir eftir viðtöl hjá RLR, þegar í ljós kom, að Karl hafði verið stunginn löngu áður en þeir komu í íbúðina nóttina áður.

Karl Valgarðsson var fluttur í skyndi á Borgarspítalann og gekkst þegar í stað undir skurðaðgerð. Í vottorði Jóhannesar M. Gunnarssonar, sérfræðings í skurðlækningum á Borgarspítalanum, dagsettu 10. júní sl., segir m.a.: „Ofangreindur maður var fluttur á slysadeild Borgarspítalans í neyðarbíl um kl. 9 f.h. 1.5. 1988. Hann var þá sýnilega drukkinn, en í mjög lélegu líkamlegu ástandi, með mjög öran hjartslátt, 140/mín., kaldur og með lélega blóðrás í húð. Hann var við meðvitund en gat ekki greint nákvæmlega frá málavöxtum. Rétt ofan við hæ. nára var stungugat í kviðveggnum u.þ.b. 2 cm á lengd. Storknað blóð var í stungugatinu. Vi. megin á kvið í naflahæð er 12-15 cm löng rispa í húð og einnig grunnar húðrispur á vi. kinn. Engin önnur ytri áverkamerki. Kviður er gífurlega þaninn og mjög spenntur og sýnilega um mikla lífhimnubólgu að ræða.

Sjúklingur var þegar í stað tekinn til aðgerðar. Lungnamynd við komu sýndi samfall neðan til í hæ. lunga. Við aðgerðina kom fram að allmikið loft var í kviðarholi, lítils háttar blóð, en allmikið garnainnihald frítt í kviðarholi og stungugat á smágirni á einum stað. Garnir voru gífurlega þandar, sömuleiðis magi, og virtist vera um garna- og magalömun að ræða, svo að af því má ráða, að stungugatið á görninni hefur verið orðið a.m.k. 1/2 sólarhrings gamalt. Sjúklingur fékk mjög mikla lungnabólgu eftir aðgerðina, sömuleiðis ígerð í skurðsár og stóð mjög tæpt um líf mannsins um tíma. Hann hresstist þó smám saman og útskrifaðist af skurðlækningadeild 20.5.'88 til alcoholmeðferðar á Vog. Var þá enn með opið skurðsár á kvið, sem krefst alllangrar umhirðu þar til það er gróið.

Samantekt:

Tæplega fimmtugur maður sem hefur verið veittur áverki með eggvopni, er undir áhrifum áfengis við komu. Er með stungusár á kvið. Eggvopn hefur gengið alldjúpt í kvið og sett gat á görn a.m.k. hálfum sólarhring fyrir innlögna á sjúkrahúsið. Alvarleg sýking í kviðarholi sem afleiðing af þessu svo og lungnabólga. Sjúklingur útskrifast við dágóða heilsu 3 vikum eftir aðgerð, en þá enn með opið sár á kvið.“

Í skýrslu Harðar Jóhannessonar, lögreglufulltrúa hjá RLR, sem kom á vettvang skömmu eftir komu lögreglu og sjúkraliðs ásamt Bjarna J. Boga-

syni rannsóknarlögreglumanni, sem ljósmyndaði og gerði uppdrátt af vettvangi, segir m.a.:

— — —
Í beinu framhaldi af handtöku viðurkenndi ákærða verknaðinn. Síðar sama dag var hún færð til yfirheyrslu til rannsóknarlögreglu svo og samdægurs fyrir dóm. Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur var henni gert að sæta gæsluvarðhaldi að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til 1. júní 1988 kl. 16.00.

Ákærða hefur borið að þau Karl hafi verið við drykkju undanfarna mánuði fyrir atburðinn. Dvaldist hún hjá Karli í íbúð hans á Hagamel 14 frá því um miðjan mars sl. Valdimar Svavarsson og eiginmaður hennar, Helgi Kárasón, voru með þeim þennan tíma við drykkju. Síðdegis föstudaginn fyrir þennan atburð keyptu þau Karl 5 flöskur af brennivíni í „Ríkinu“ og fóru við svo búið heim á Hagamel 14, en þar voru fyrir þeir Valdimar og Helgi. Hófu þau öll drykkju og drukku úr 4 flöskum áður en þau fóru að sofa. Um klukkan 7 um morguninn sofnuðu þau Karl, en Valdimar og Helgi sofnuðu á undan þeim. Um klukkan 10 þennan sama morgun vöknðu þau Karl í stofunni. Helgi var þá sofandi á fleti þar í horninu, en Valdimar svaf í herberginu. Þau Karl fóru að ræða saman og fljótlega byrjuðu þau að rifast. Karl kallaði hana sem oftast nafni fyrrverandi eiginkonu sinnar og bað hún hann að hætta því, þar sem það fór óskaplega í taugararnar á henni. Karl fór þá að tala um það að hann þyrfti að lagfæra eitt og annað í íbúðinni, en hún sagði honum, að nær væri, að hann gerði eitthvað í þeim málum, en tala sýknt og heilagt um það. Hún hafi reiðst vegna ofangreindra tveggja atriða, en mundi ekki nánar, um hvað rifrildið snerist. Hún hafi beðið Karl að hætta þessu rifrildi, en hann hafi haldið áfram. Vasahnífur með rauðu skafti lá á stofuborði, og sagði hún Karli, að ef hann hætti ekki, mundi hún stinga hann með honum, en hnífinn hafi hún tekið í hægri höndina. Karl hafi náð að taka hnífinn af henni. Er þetta var hafi þau staðið framan við sófaborðið í stofunni, hún hafi staðið nálægt enda borðsins, nær dyrunum, en Karl fjær. Um leið og hann tók af henni hnífinn hafi hann hent henni út í vegginn við dyrnar á stofunni og um leið hafi hún rispast á kviðnum. Hún hafi orðið hrædd og mjög æst og gripið hnífinn, sem lá á gólfinu, en vissi ekki hvort Karl henti honum eða missti á gólfið. Karl hafi staðið fyrir framan hana og í beinu framhaldi af því, að hún greip hnífinn af gólfinu, hafi hún risið upp, en ekki náð þó að standa upprétt, og stungið hann með hnífnum í kviðinn. Helgi lá, meðan á þessu stóð, í einu horni stofunnar, glugga megin. Vissi ákærða ekki, hvort hann var vakandi eða sofandi. Valdimar hafi greinilega vaknað við hávaðann, því að hann kom fram í eldhús, en þangað gekk hún með hníf-

inn í hendi, eftir að hún hafði stungið Karl. Hann bað hana að rétta sér hnífinn, hvað hún gerði. Um önnur orðaskipti milli þeirra hafi ekki verið að ræða. Fór hún fram í stofu og athugaði áverkana á Karli, og virtist henni þetta vera smáskeina. Valdimar stóð við hliðina á henni í stofunni þegar hún kannaði áverkana strax eftir stunguna, og skýrði hún honum frá því að hún hefði stungið Karl í kviðinn. Hún spurði Karl hvort hann vildi fá lækni-*s*aðstoð, en hann neitaði því. Þau Karl sættust fljótlega og settust inn í stofu og héldu drykkjunni áfram. Vildi hún fá lækni til að líta á Karl. Karl sagði, að allt væri í lagi með sig, og neitaði að fá lækni eða fara til lækni. Bað hún Valdimar að fara út og hringja á heilsugæslu-lækni, þar sem síminn var lokaður, hvað hann gerði. Kom hann aftur skömmu síðar og sagði að Karl yrði sjálfur að koma á heilsugæslustöðina, en sem fyrr vildi Karl ekki fara. Klippti hún þá sundur teygjubindi, sem hún hafði notað einu sinni áður, og lagði við sárið með þykku límbandi. Fljótlega lagðist Karl fyrir í svefnherberginu, en hvað klukkan var þá vissi ákærða ekki, taldi, að það hefði verið um 1-2 klst. eftir atburðinn. Karl hafi a.m.k. lokið úr áfengisglasinu, sem hann fékk sér eftir að þau vökn-uðu. Kvað hún þann framburð Valdimars Svavarssonar, að Karl hefði lagst fyrir strax eftir stunguna, ekki réttan og ítrekaði ofangreindan framburð og kvað Karl fyrst hafa lagst fyrir, eftir að Valdimar kom til baka, er hann hafði reynt að ná símasambandi við lækni. Í framhaldi af þessu héldu þau Valdimar og Helgi áfram drykkjunni og drukku allan daginn og fram eftir kvöldi, en upp úr miðnætti fór hún á dansleik með vinkonu sinni og var þar fram eftir nóttu. Valdimar og Helgi voru hins vegar eftir í íbúðinni, og bað hún þá að líta eftir Karli, sem enn lá fyrir. Um kl. 3.30, skömmu eftir að hún kom heim af dansleiknum, kom fleira fólk í íbúðina, m.a. systkini hennar, Páll og Elin. Eftir að hún kom heim bað Karl hana að gefa sér vatn að drekka, hvað hún gerði, og leit hún öðru hverju inn til hans. Henni fannst það ekki einkennilegt, að hann lá enn fyrir, þar sem það var alvanalegt, er þau voru við drykkju, að hann legðist fyrir og svæfi við og við, og sem fyrr segir hafi drykkjan verið langvarandi. Karl hafi ekki kvartað og borið sig vel. Síðar um nóttina gaf hún honum tvær mogadontöflur, þar sem hann gat ekki sofnað. Hún sá ekki annað en allt væri í lagi með hann, enda kvartaði hann ekki um verki. Þegar hún fór inn til hans undir morgun bað hann hana um vatn að drekka. Var hann þá orðinn mjög máttfarinn, gat varla haldið á glasinu vegna máttleysis. Ákærða kvaðst þá fyrst hafa gert sér grein fyrir hversu alvarlegt ástand Karls var. Þá kallaði hún strax á Pál, bróður sinn, og leitaði hjá honum ráða og bað hann að kalla á sjúkrahil. Páll fór fyrst inn í svefnherbergið að huga að Karli, en síðan rakiðis út og hringdi á sjúkrahil.

Er ákærða var að því spurð hvers vegna hún hefði ekki þegar eftir

atburðinn fengið að hringja eða beðið um aðstoð hjá nágrönnum eða gert aðrar ráðstafanir, bar hún því við að mikil óregla hefði verið í íbúðinni að undanfögnu og hún ekki kunnað við vegna fyrri kvartana nágrannanna að leita þar ásjár. Þá hefði Karl hvorki viljað fá læknishjálp né yfirgefa íbúðina.

Ákærða kvað það ekki hafa verið ætlun sína að gera tilraun til að stytta Karli aldur þrátt fyrir hótun sína. Hún hafi stungið hann í mikilli reiði og verið hrædd.

Vitnið Valdimar Svavarsson bar að hann hefði dvalist í íbúð Karls um fjórar vikur fyrir þennan atburð. Síðustu tvær vikurnar hefði hann meira og minna verið við áfengisdrykkju. Á föstudeginum og aðfaranótt laugardagsins var hann þar við drykkju ásamt Sólrúnu, Helga Kárasyni og Karli. Sofnaði hann á dýnu næst dyrunum í stofunni um nóttina, en vaknaði við mikinn hávaða og öskur er þau Sólrún og Karl voru að rífast, en hvað þeim fór á milli, vissi hann ekki. Öskrin hafi aðallega verið í Sólrúnu. Það næsta sem hann sá, var, að Karl hélt um magann á sér og blóðblettur var á skyrtu hans, en Sólrún hélt á rauðum vasahníf í hendinni. Af þessu réð hann, að Sólrún hefði stungið Karl, enda var ekki öðrum til að dreifa þar sem Helgi var sofandi. Sólrún var mjög æst og bæði hún og Karl í talsverðu uppnámi. Spurði hann þau hvað gengi á, en Karl vildi ekkert úr þessu gera, svo sem að kalla á læknishjálp, og fór inn í svefnherbergið og lagði sig.

Valdimar tók strax hnífinn af Sólrúnu og setti hann upp í hillu í eldhúsinu, en hníf þennan kvaðst Valdimar eiga. Er honum var bent á ljósmyndir af hníf þeim, sem ákærða kvaðst hafa stungið Karl með, staðfesti Karl, að þetta væri hnífurinn. Þau Sólrún ræddu ekkert frekar um þennan atburð og sofnaði Valdimar fljótlega eftir þetta. Gerði hann sér ekki grein fyrir hvenær atburður þessi átti sér stað, það hefði annaðhvort verið að kvöldi föstudagsins eða aðfaranótt laugardagsins. Milli klukkan 7.00 og 8.00 að morgni laugardagsins vaknaði hann ásamt Sólrúnu. Bað hún hann skömmu síðar að fara út og sækja læknishjálp. Fór hann í ýmsar „sjoppur“ í nágrenninu, en alls staðar var lokað, og fór hann því aftur á Hagamelinn við svo búið. Þegar þangað kom, lá Karl enn fyrir í herberginu. Sagði Valdimar Sólrúnu, að sér hefði ekki tekist að hringja, og var þetta ekki rætt frekar eftir það. Hann var svo allan daginn við drykkju ásamt Sólrúnu og Helga í íbúðinni og fram á kvöld, lagði sig við og við, en sofnaði aldrei lengi í einu. Telur hann sig geta fullyrt, að Karl hafi aldrei farið út úr herberginu allan tímann. Hann hafi ekki orðið var við, að Karl hafi neytt matar eða drykkjar, frá því er hann lagðist fyrir uns lögreglan kom á vettvang. Hann hafi eldað súpu til að gefa Karli, en hann ekki viljað hana. Þá hafi hann boðið honum „sjúss“, en Karl hafi ekki heldur þegið það, sem var óvenjulegt. Hann hafi þrátt fyrir þetta ekki gert sér grein fyrir,

hversu ástand Karls var alvarlegt, þar sem hann hélt að hann væri „þunnur“ og slappur, en samt hafi sér ekki litist á blikuna. Um kvöldið fór Sólrún á skemmtistað, en kom um nóttina aftur ásamt fleira fólki sem var við skál. Vaknaði hann þá, enda enginn svefnfriður. Síðar um nóttina hugaði hann að ástandi Karls, en þá kveðst Valdimar hafa verið allsgáður. Var Karl þá orðinn kaldur og hvítur í andliti, og gerði hann sér þá grein fyrir að ástandið var orðið alvarlegt. Páll Rúnar, bróðir Sólrúnar, kannaði einnig ástand Karls. Afréðu þeir að kalla á sjúkralið og lögreglu þegar í stað og fóru þeirra erinda í næsta hús. Um svipað leyti og þeir fóru út til að hringja eftir sjúkraliði og lögreglu hafi Sólrún einnig rætt um að kalla þyrfti á hjálp.

Valdimar kveðst ekki hafa orðið þess var, að Karl væri því mótfallinn, að Sólrún dveldist í íbúðinni, en hins vegar hafi hann verið því mótfallinn að einstaka maður kæmi þangað. Hann hafi látið það afskiptalaust að lausungarlýður vendi þangað komur sínar, enda hefði hann ekki getað neitað áfengi sem honum bauðst frá þessum lýð.

Vitnið Páll Elíson bar á sama veg og Valdimar og Karl um aðdraganda þess að þeir Valdimar fóru út og hringdu á lögreglu og sjúkralið. Minnstist hann þess ekki að ákærða hefði beðið sig að kalla eftir aðstoð.

Vitnið Helgi Kárasón kveðst hafa verið umrædda helgi sem oftast á heimili Karls Valgarðssonar ásamt konu sinni, Sólrúnu, og Valdimar Svavarsyni. Þau áttu áfengi og höfðu drukkið talsvert. Sjálfur hafi hann drukkið lítið á föstudeginum, en tók þá inn bæði diazepam- og mogadontöflur. Einnhvern tíma aðfaranótt laugardagsins vaknaði hann og fór fram í eldhús að hita kaffi, en þá voru þau Sólrún og Karl sofandi í herbergi við hlið stofunnar. Þau Sólrún og Karl, sem bæði voru enn ölvuð, vöknudu og komu inn í stofu. Fóru þau að rifast, m.a. um það, að Sólrún vildi fara á dansleik um kvöldið, en um hvað þau rifust frekar mundi hann ekki. Er hér var komið sögu lá Helgi á fleti í stofunni undir glugganum, fjærst dyrunum. Þessu næst veitti hann því athygli að Karl réðst á Sólrúnu og henti henni utan í vegginn og við það datt hún á gólfið. Stóð Helgi upp og settist í stól í stofunni. Karl sneri við honum baki, boginn yfir Sólrúnu. Hann sá hníf liggja á gólfinu, sem fyrr um morguninn hafði verið á stofuborðinu. Þegar Karl sneri sér við, var blóð á maga hans, en Helgi sá ekki, hvernig það atvikaðist. Karl tók um hálsinn á Sólrúnu og sveigði hann aftur, en Helgi gat ekki um það borið hvort það var fyrir eða eftir að Karl fékk stunguna, þar sem hann sá ekki hvenær hann varð fyrir stungunni.

Við yfirheyrslu hjá RLR bar Helgi, að ákærða hefði haldið á hníf, á meðan þau Karl voru að rifast. Karl hefði hrint henni út í vegg, og við það hefði hún dottið í gólfið, en staðið upp og hlaupið að Karli, rífið í hann og um leið stakktst hnífurinn í kviðinn á honum. Er Helga ver bent

á þennan framburð sinn fyrir dóminum kvað hann þennan framburð hjá rannsóknarlögreglu rangan, hann myndi þetta betur nú þegar hann hefði hugsað málið í samhengi. Kvaðst Helgi ekki hafa orðið þess var, svo sem hann bar hjá rannsóknarlögreglu, að ákærða hefði verið með hnífinn, áður en Karl henti henni út í vegginn, enda hefði hann þá legið í fletinu við gluggann og því ekki séð nákvæmlega hvað gerðist. Hann hefði ekki heldur orðið var við, að ákærða hefði ógnað Karli með hnífnum.

Eftir þennan atburð luku Sólrún og Karl við að drekka áfengið úr glösunum sem þau voru með. Karl fór inn að sofa og þverneitaði að fara til læknis eða fá lækniaðstoð. Þau þrjú voru áfram í stofunni, Sólrún og Valdimar héldu áfram drykkju, en Helgi drakk kaffi og neytti einhverra lyfja. Karl neitaði með öllu að fara til læknis eða fá lækniaðstoð. Þau hin hafi þá rætt um að rétt væri að kalla á lækni. Í því skyni fór Valdimar út, en kom aftur heim þar sem það tókst ekki. Helgi kvaðst ekki hafa orðið var við að Karl kæmi fram eftir þetta, og vissi hann ekki hvort hann neytti matar eða drykkjar. Sólrún hafi hins vegar farið við og við inn til hans og m.a. sett heftiplástur með þykku límbandi yfir sárið. Helgi kvað alvanalegt að Karl lægi fyrir langtímum saman og Sólrún væri þá vön að færa honum mat og drykk. Vegna þessa og þar sem Karl hafi ekki viljað lækniaðstoð, hafi þau enga grein gert sér fyrir, hversu alvarlegt ástand mannsins var. Helgi kvaðst hafa sofnað um kl. 7 á laugardagskvöldið og ekki vaknað fyrr en lögreglumenn komu á staðinn morguninn eftir. Helgi kvaðst ekki hafa orðið var við, að Karl væri því mótfallinn, að þau Sólrún dveldust hjá sér, en Sólrún hefði reynt eftir megni að koma út því fólki, sem var með drykkjulæti eða að öðru leyti óæskilegt.

Vitnið Karl Valgarðsson var fyrst yfirheyrt hjá rannsóknarlögreglu 16. maí sl. Kvaðst Karl þá enn illa haldinn af verkjum. Þá var hann yfirheyrdur á ný nokkrum dögum síðar og við meðferð málsins. Kvaðst hann hafa verið meira eða minna ölvaður frá því fyrir sl. jól og verið illa farinn af áfengisdrykkju. Á heimili hans kom fólk og fór og þar var mikil áfengis- og lyfja-neysla. Hann var með Sólrúnu, Valdimar og Helga við áfengisdrykkju á heimili sínu umrædda helgi. Mundi hann ekki aðdraganda þess, að hann hlaut hnífstunguna, og minntist þess ekki, að þau Sólrún hefðu rifist, en það hljóti að hafa verið raunin, þar sem hann sá enga aðra ástæðu fyrir hnífstungunni. Var hann lengi búinn að biðja þau hin að fara úr íbúðinni, þar sem oft var kvartað undan hávaða vegna þeirra. Einnig hugðist hann leigja íbúðina, þar sem hann ætlaði að fara til sjós. Af þessum ástæðum reyndi hann að losna við þau úr íbúðinni. Sólrún bjó í íbúðinni síðan í febrúar og dró þar að alls konar lýð. Hann kvaðst lítið sem ekkert hafa getað við það ráðið vegna langvarandi áfengisdrykkju. Hann vildi losna við þau með góðu og kallaði því ekki á lögreglu til að koma þeim út. Hann

kvað það rétt að hann hefði þegið af þeim áfengi, en hann hefði einnig veitt þeim það þegar hann átti fé.

Karl kvaðst ekkert muna eftir sér fyrir en skömmu áður en lögreglan kom á staðinn um morguninn. Þá komu Páll og Valdimar inn í herbergið sem hann lá í, skoðuðu hann og vildu kalla á sjúkrahil. Í fyrstu bað hann þá að bíða, en síðan versnaði honum og samþykkti það. Um morguninn fór hann fram á salernið og veitti því þá athygli, að nærbuxur, utanyfirbuxur og skyrtta hans voru blóðugar. Hann sá þá sárið, en gerði sér ekki grein fyrir að um stungusár var að ræða, en hélt að það væri rispa. Samt sem áður gerði hann sér ekki grein fyrir að þetta væri blóð úr sér, og þar sem hann var timbraður, áttaði hann sig ekki á, hvað var á seyði. Þar af leiðandi bað hann ekki um aðstoð. Þegar hann varð var við blóðið um morguninn spurði hann fólkið, m.a. Sólrúnu og Valdimar, hvað hefði gerst, en enginn vildi segja honum neitt. Valdimar hefði spurt sig að því, hvort hann hefði gert sér grein fyrir, hvað hafði gerst, og margsinnis komið inn til sín um morguninn og viljað kalla á sjúkrahil, en sem fyrr vildi hann það ekki. Loks urðu þeir þrír, þ.e. hann, Valdimar og Páll, ásáttir um að kalla á sjúkralið. Karl kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hversu alvarlegur áverkinn var, fyrr en hann fann, að hann gat ekki risið upp í rúminu vegna máttleysis og þyngsla í maga. Hann kvaðst þess fullviss að Sólrún hefði aldrei boðist til að kalla eftir sjúkraliði eða lækni. Þá kvaðst hann ekki hafa orðið var við umbúðir um sárið. Við yfirheyrslu við meðferð málsins 20. október sl. kvaðst Karl gangast undir aðgerð eftir nokkra daga, þar sem ekki var unnt í fyrri uppskurðinum að ganga endanlega frá því að sauma saman magavöðva fyrr en sárið eftir þann uppskurð var gróið.

Karl kvaðst ekki mundu leggja fram skaðabótakröfu á hendur ákærðu í málinu, enda teldi hann það vonlaust, þar sem hann vissi, að ákærða væri eignalaus.

Ákærða var samprófuð fyrir dóminum við framangreind vitni og náðist ekki frekara samræmi í framburð þeirra en rakið hefur verið.

Hörður Jóhannesson og Bjarni J. Bogason rannsóknarlögreglumenn hafa komið fyrir dóminn og staðfest skýrslur þær, myndir og uppdrætti, sem þeir unnu við rannsóknina. Bjarni Ólafur Magnússon lögregluþjónn, sem gerði frumskýrslu lögreglunnar í Reykjavík í málinu, dvaldist við nám í Bandaríkjunum við meðferð málsins og gat því ekki staðfest skýrsluna.

Ákærða gekkst að beiðni dómsins undir geðheilbrigðisrannsókn á meðan á meðferð málsins stóð, en engin slík rannsókn lá fyrir við þingfestingu þess, svo sem rétt hefði verið. Var geðrannsóknin framkvæmd af Hannesi Péturssyni geðlækni. Er skýrsla hans um rannsóknina dagsett 7. október sl. Í henni er rakin persónusaga ákærðu, geðsaga hennar, líkamlegt heilsu-

far, aðdragandi atburðarins, sem mál þetta snýst um, líkamleg skoðun, rannsóknir og geðskoðun. Í lok skýrslunnar segir:

„Ályktun:

Að mínu áliti er Sólrún Elidóttir ekki haldin formlegri geðveiki (psychosis), en býr hins vegar við fremur lága greind. Lífsferill hennar bendir auk þess til fremur vanþroskaðs persónuleika og skapgerðarbrestra. Uppeldis- skilyrði hennar hafa eflaust verið erfið og félagslegar aðstæður Sólrúnar hafa verið bágar langtímum saman. Ljóst er að Sólrún hefur um margra ára bil átt við að stríða áfengissýki og lyfjamisnotkun. Hún hefur margsinnis á undanfórnum árum verið til meðferðar á meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga, en með takmörkuðum árangri. Sólrún hefur margoft orðið fyrir líkamlegum áverkum og auk þess lent í tíðum afbrotum sem flest, ef ekki öll, tengjast áfengissýki og óreglusömu líferni hennar. Atvinnusókn Sólrúnar hefur verið mjög stopul og hún hefur reyndar verið á hrakhólum með fastan samastað í langan tíma.

Líklegustu orsakir fyrir verknaði þeim, er Sólrún er nú grunuð um, eru alvarleg áfengissýki og afleiðingar langvarandi áfengisneyslu samfara skapgerðargöllum. Sólrún kvaðst eiga erfitt með að muna atburðarás nákvæmlega, en kveðst hafa orðið mjög hrædd í þeim átökum, sem virðast hafa verið undanfari framangreinds verknaðar. Nánasta orsök umrædds atviks virðist því hafa verið skyndilegur missir sjálfstjórnar undir miklum áfengisáhrifum.

Sólrúnu er nauðsynlegt að halda sig framvegis algerlega frá neyslu áfengis og misnotkun lyfja. Enn fremur er þýðingarmikið að hún reyni að sporna gegn framangreindum erfiðleikum með því að efla stöðugleika í lífi sínu, t.d. með bættri félagslegri aðstöðu, bættri atvinnusókn og því um líku. Sólrún hefur gefið til kynna að hún ætli að reyna að taka sig á, sækja meðferð og reyna að bæta líferni sitt, en hugmyndir hennar eru misjafnlega raunhæfar og horfur því mjög óvissar.

Dómgreind Sólrúnar hefur að líkindum verið sljóvguð vegna mikillar ölvunar, þegar framangreindur atburður átti sér stað, en þó verður að álykta að raunveruleikamat og dómgreind Sólrúnar Elidóttur sé með þeim hætti að hún teljist sakhæf.“

Sigurgísli Skúlason sálfræðingur lagði fyrir ákærðu sálfræðipróf, þ. á m. greindarpróf Wechslera fyrir fullorðna og persónuleikaprófið MMPI. Greindarvísitala alls prófsins mældist 87, sem telst vera fyrir neðan meðallag (greindarvísitalan 90-109). Samkvæmt niðurstöðu fyrra prófsins samsvara niðurstöður munnlega hlutans greind fyrir neðan meðallag, en greindarvísitalan mældist 82. Niðurstöður verklega hlutans samsvara hins vegar slöku meðallagi, en þar mældist greindarvísitalan 94. Benti árangur ákærðu á prófinu til þess að hún væri treggefin eða tornæm.

Niðurstöður.

Með játningu ákærðu, sem studd er framburði vitnanna Valdimars Svavarssonar og Helga Kárasonar, svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, er sannað að hún stakk Karl Valgarðsson að morgni laugardagsins 30. apríl sl. með rúmlega 8 cm löngu hnífsblaði í kviðinn rétt ofan við hægra nára og í görn með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlega sýkingu í kviðarhol og lungnabólgu og stóð mjög tæpt um líf hans um tíma, er hann var fluttur á skurðeild Borgarspítalans til aðgerðar.

Ákærða hefur borið, að hún hafi lagt til Karls með hnífnum, eftir að hún hótaði honum að stinga hann með hnífnum, ef hann hætti ekki að rifast við sig. Hún hafi tekið hnífinn í höndina, en Karl náð honum af sér og hrint sér út í vegg. Hún hafi orðið æst og hrædd og gripið hnífinn, sem þá lá á gólfinu, og um leið og hún reis upp hafi hún stungið Karl með hnífnum í kviðinn. Ljóst er að ákærða vann verknaðinn ekki í sjálfsvörn, enda er ljóst af gögnum málsins að Karl hafði ekki gefið henni tilefni til að grípa til eggvopns, þrátt fyrir það að þau hafi rifist og hún rispast við það að hann reyndi að afvopna hana.

Gegn neitun ákærðu þykir hvorki sannað, að henni hafi staðið hugur til að svipta Karl lífi, né að henni hafi hlotið að vera ljóst, að bani gæti hlotist af verknaði hennar, enda ber að líta til þess, hvar hnífslagið lenti, svo og til þess að maðurinn var ekki sannanlega í lífshættu fyrr en um sólarhring eftir atburðinn. Hins vegar hlaut ákærðu að vera ljóst að sú háttsemi hennar að leggja til manns með hnífi, svo að tilviljun réð, hvar hann lenti, var stórhættuleg. Þá gerði ákærða litlar sem engar tilraunir til að koma manninum undir læknishendur, þrátt fyrir það að henni hlaut að vera ljóst, hversu alvarlegar afleiðingar verknaður hennar kynni að hafa. Skiptir hér engu hvort Karl bað um slíka aðstoð eða ekki. Verða áverkarnir, sem ákærða olli, heimfærðir undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en hin hættulega árás hennar undir 2. mgr. sömu greinar.

Framangreind ákvæði 2. mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga tæma sök gagnvart 1. mgr. 220. gr. sömu laga. Ákærða er hins vegar ekki ákærð fyrir þá háttsemi, sem sú grein tekur til, og verður henni þegar af þeirri ástæðu ekki refsað fyrir það brot.

Ákærða er að mati dómsins sakhæf, sbr. og geðheilbrigðisrannsókn þá, sem hún gekkst undir við meðferð málsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún hlotið þessa refsidóma:

1974 3/5 6 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir þjófnað.

1977 11/7 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Svipt ökuleyfi ævilangt.

1978 7/11 2 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir skjalafals og fjársvik.

- 1982 3/6 Sekt fyrir ölvun við akstur o.fl. umferðarlagabrot. Svípt ökuleyfi ævilangt.
- 1985 25/3 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur o.fl. umfl-brot. Svípt rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Hegningarauki.
- 1985 19/6 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 221. gr. alm. hgl.
- 1985 28/6 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik. Hegningarauki.
- 1985 12/7 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, fjársvik og tilraun til fjársvika.
- 1985 15/11 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað. Hegningarauki.
- 1986 14/1 Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm frá 28.6.1985: 8 mánaða fangelsi.
- 1986 14/1 Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm frá 12.7.1985: 2 mánaða fangelsi.
- 1986 22/5 Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm frá 19.6.1985: 3 mánaða fangelsi.
- 1986 29/7 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Svípt rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.
- 1986 31/7 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur o.fl. umfl-brot.
- 1986 7/10 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Hegningarauki.
- 1987 21/12 9 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Reynslulausn í 235 daga frá 9. desember 1986 dæmd með.

Hinn 4. mars sl. fékk ákærða reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum 90 daga refsingar, en samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytisins afplánaði hún þær eftirstöðvar frá 1. júní - til 30. ágúst sl.

Með hliðsjón af framangreindu og sakarferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhald hennar frá 2. maí sl. kl. 14.00 til 1. júní sl. kl. 16.00 svo og frá 30. ágúst sl. kl. 10.53 til dagsins í dag, samtals 77 dagar.

Engin skaðabótakrafa hefur verið lögð fram í málinu.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, kr. 60.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Sólrún Elíðóttir, sæti fangelsi þrjú ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hennar, samtals 77 dagar.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, kr. 60.000,00, og málsvarnarlaun verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., kr. 75.000,00.